



Formannafundur AKÍS

20. nóvember 2021

Formannafundur Akstursíþróttasambands Íslands var haldinn laugardaginn 20. nóvember 2021 kl. 11:00 í E sal íþróttamiðstöðvar ÍSÍ í Laugardal.

1. Fundur settur

Helga Katrín Stefánsdóttir formaður Akstursíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð fundarmenn velkomna.

Formaður lagði til að Hafsteinn Pálsson yrði fundarstjóri og Helga Katrín Stefánsdóttir fundarritari, Hafsteinn var ekki mættur þegar fundur var settur svo Helga Katrín lagði til að Baldvin Hansson yrði fundarstjóri þar til skýrðist hvort Hafsteinn myndi mæta. var samþykkt.

Baldvin spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun fundarins. Það var ekki og lýsti hann því formannafundinn löglegan.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar:

Stutt skýrsla stjórnar á formannafundi 20. nóvember 2021 kl. 11:00

Góðir fundarmenn

Á starfsárinu 2021 voru skráðir 51 viðburður en það er heldur færri en venja hefur verið undanfarin ár. Það var verið að halda keppnir í akstursíþróttum í Covid annað árið í röð og í fyrra náðist að halda 32 viðburði. Það féllu aðeins niður fimm viðburðir af öllu keppnisdagatalinu þetta árið og ýmsar keppnir voru fluttar á nýjar dagsetningar en voru haldnar. Á árinu voru gefin út 990 keppnisskírteini, þar af fjögur alþjóðleg. Nú þegar keppnistímabilinu er lokið þá erum við að krýna tuttugu og sjö Íslandsmeistara en það er heldur færri en síðastliðin ár því það náðist oft ekki að fylla flokka til að þeir væru gildir til Íslandsmeistara.

Almennt gekk keppnishaldið velþó í einhverjum tilfellum hafi kannski mátt vera meiri liðleiki í samskiptum sambandsins og þeirra sem starfa við keppnishaldið. Án efa er það á báða bóga. Ástæða er fyrir sambandið að gera enn betur í að leiðbeina keppnishöldurum um regluverk og bestu venjur við keppnishaldið en á sama tíma mættu keppnishaldarar í einhverjum tilfellum gera betur í að vinna með sambandinu frekar en að setja sig upp á móti því.

Á Bíladögum var vígð ný spyrnubraut á Akureyri og gekk það ljómandi vel fyrir sig. Keppnishaldarar voru duglegir að vinna í kringum sóttvarnareglur og sumir lentu í að landinu var nánast skellt í lás og þeim tókst samt að halda sínar keppnir með myndarbrag. Í sumar var farið í vinnu við að hafa virkar dómnefndir á öllum keppnum þar sem stjórn AKÍS skipaði formann. Einnig voru aðildarfélög að bæta við sig keppnisgreinum sem var gaman að sjá og verður skemmtilegt að sjá þessar nýju brautir á föstu keppnis svæðunum vera almennilega teknar í notkun.

Keppendafjöldinn í keppnisgreinunum hefur verið að aukast. Það sést greinilega á unglingsflokki í rallycross til dæmis, þar sem 20 unglingar á aldrinum 14-17 ára tóku þátt. Aldrei hefur verið meiri þátttaka í þeim flokki. Unglingarnir voru duglegir að prófa aðrar greinar og þau voru einnig að taka þátt í hringakstri og rally. Það má svo sannarlega segja að breytingin á reglugerð 507/2007 sem tók í gildi um mitt síðasta ár varðandi aldur barna hafi virkað til að fá enn yngri krakka til að koma að taka þátt í keppni. Við erum mjög stolt af þessari ungu kynslóð ökumanna. Einnig var met þátttaka á vígsludegi Bílklúbbs Akureyrar þar sem voru nær 90 keppnistæki skráð til leiks. Framtíðin er björt og stefnan er að fá enn meiri fjölgun keppenda í sem flestar keppnisgreinar.

Aðildarfélögin eru með mikið af sjálfbóðaliðum sem starfa bæði á viðburðum og keppnum. Án þeirra værum við ekki að halda akstursíþróttir hér á landi. Og þeim vill ég þakka kærlega fyrir alla þá vinnu sem þau hafa unnið fyrir íslenskar akstursíþróttir. Nú í dag þann 20. nóvember er alþjóðlegi sjálfbóðaliðadagur FIA. FIA sendir til allra sérsambanda tölvupóst um beðnir um tilnefningar til verðlauna um sjálfbóðaliða ársins. Á fundi stjórnar þann 5. október var tekin ákvörðun um að tilnefna Lindu Dögg Jóhannsdóttur og Ara Halldór Hjaltason til þessa verðlauna sjálfbóðaliða ársins hjá FIA fyrir það ómetanlega starf sem þau hafa unnið í sumar.

Haldin voru ýmis námskeið á vormánuðum. Öryggisráð hélt tvö námskeið fyrir öryggisfulltrúa þar sem var farið yfir helstu öryggismál í akstursíþróttum. Þeir sem störfuðu á viðburðum sumarsins höfðu verið búnir að sitja þetta námskeið. Einnig var hópur manna sem hefur setið dómnefndar námskeið hjá FIA fenginn til að halda dómnefndar- og keppnistjórnarnámkeið þar sem mikill þátttaka var. Það er alveg ljóst að Ísland á fullt af flottu og efnilegu fólki sem er að vinna þessa flottu vinnu. Í sumar var það áberandi að aðildarfélögin væru að vinna saman, bæði á keppnum og undirbúning á ýmsum viðburðum. Það er alltaf gaman að sjá þegar vel gengur og það svo sannarlega sýndi sig í sumar að keppninar voru haldnar af miklum metnaði.

Stjórn tók á fundi sínum þann 18. maí ákvörðun um að fá lögfræðing til þess að hjálpa sambandinu við að koma tryggingum í akstursíþróttum í betra horf. Það hefur komið í ljós að lagabreytingar þarf til þess að hægt sé að tryggja ökutæki með öruggari hætti en verið hefur að AKÍS geti séð um tryggingamálin ef vilji stæði til þess innan sambandsins. Það er stefnan þegar keppendur eru að skrá sig í keppni þá eru þeir einnig að kaupa tryggingu á keppnistækin sín. Þessi vinna er í gangi og er stefnan að reyna að fá þessar breytingar í gegn fyrir næsta keppnistímabil.

Samskipti við opinberar stofnanir hafa gengið erfiðlega, formaður hefur verið að vinna í að fá betri verklagsreglur Ríkislögreglustjóra þar sem reglugerð 507/2007 stangast á reglur 668/2020 þar segir Lágmarksaldur miðað við ökutæki skal ákveðinn í reglum viðkomandi íþróttasamband. Unnið er í að fá skýrari heimild fyrir lágmarksaldri barna.

Umhverfisstofnun hefur verið að standa í vegi fyrir að akstursíþróttir fari fram. Formaður hefur beðið um fund með Umhverfisstofnun en ekki hefur orðið að honum, búið er að tala við ÍSÍ vegna málsins og unnið er í að koma á fund þar sem er fundin lausn á málinu.

Það voru breytingar í starfsmannamálum á skrifstofunni þetta árið. Í byrjun febrúar sagði Þrándur starfi sínu sem framkvæmdastjóri AKÍS eftir 9 ára starf lausu. Farið var í ráðningarferli að nýjum framkvæmdastjóra og í maí var ráðinn nýr framkvæmdastjóri hann Arnar Már. Arnar starfaði hjá sambandinu fram í september lok þegar sem stjórn ákvað að segja honum upp. Eins og staðan er í dag þá er formaður staðgengill framkvæmdastjóra þangað til að niðurstaða er komin hvort eigi að fara í nýtt ráðningarferli eða sameina stöðu formanns og framkvæmdarstjóra.

Stjórn hefur fundað 16 sinnum frá ársþing ásamt setið ýmsa vinnufundi. Samvinna stjórnar hefur verið með ágætum og góð mæting stjórnarmanna er á alla fundi. Þar hefur ýmislegt verið rætt meðal annar hvernig er hægt að bæta ímynd sambandsins, farið yfir reglur og reglugerðir, tryggingamál, og margt fleira. Alla þessa fundi er hægt að sjá á fundargerðum sem eru inni á heimasíðu AKÍS.

Við erum með sex keppnisráð starfandi þetta keppnistímabil og þau hafa verið misvirk. Ég vill endilega benda ykkur á að ef þið hafið einhverja hugmyndir eða spurningar um keppnisgreinar eða reglur endilega sendið á þau. Þau eru til að aðstoða ykkur keppnishaldarana með ykkar viðburði. Einnig eru aðilar úr keppnisráðum í erlendum nefndum. Það eru aðallega NEZ nefndir en ýmsar upplýsingar koma frá þeim nefndum - meðal annars varðandi keppnir, reglur ofl. Ég veit að sumar NEZ nefndirnar hafa verið óvirkar en það er verið að skipa í nýjar nefndir þannig það fer vonandi að komast aftur í gang.

Ég vil að lokum þakka öllum aðildarfélögum, keppendum, starfsfólki, sjálfboðaliðum og öllum ráðum og nefndum sem starfa innan AKÍS innilega fyrir allt það starf sem þið hafið unnið í þágu íslenskt mótorsports. Án ykkar væri lítið um akstursíþróttir á Íslandi.

3. Skýrslur keppnisráða og nefnda

Formenn keppnisráða báru fram sínar skýrslur. Teknar voru fyrir helstu reglubreytingar í hverri keppnisgrein fyrir sig. Tvö keppnisráð hyggjast lækka lágmarksaldur keppenda niður í 15 ára. Hægt er að sjá skýrslur keppnisráða á heimasíðu AKÍS.

4. Staðfesting Íslandsmeistara 2021

Eftirfarandi Íslandsmeistaratitlar voru staðfestir:

	Grein	Nafn	Félag
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Drift - Götubílaflokkur</u>	Arnór Erling Einarsson	AÍH
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Drift - Minni götubílar</u>	Fabian Dorozinski	AÍH
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Drift - Opinn flokkur</u>	Valgeir Hugi Halldórsson	BA
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Rally – Aðstoðarökumenn AB</u>		
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Varahlutaflokkurinn</u>	Daníel Jökull Valdimarsson	BÍKR
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Rally – Aðstoðarökumenn flokkur B</u>	Ísak Guðjónsson	BÍK R
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Rally – Aðstoðarökumenn heildin</u>	Ísak Guðjónsson	BÍK R
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Rally – Ökumenn AB Varahlutaflokkurinn</u>	Garðar Gunnarsson	AÍF S
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Rally – Ökumenn flokkur B</u>	Gunnar Karl Jóhannesson	BÍKR
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Rally – Ökumenn heildin</u>	Gunnar Karl Jóhannesson	ÍKR
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Rallycross – Unglingaflokkur</u>	Emil Þór Reynisson	AÍH
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Rallycross – Standard 1000cc flokkur</u>	Arnar Elí Gunnarsson	AÍH
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Rallycross – 1400 flokkur</u>	Arnar Már Árnason	AÍH
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Rallycross – 2000 flokkur</u>	Víkar Karl Sigurjónsson	AÍH
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Rallycross – 4X4 Non Turbo</u>	Ólafur Tryggvason	AÍH
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Rallycross – Opinn flokkur</u>	Steinar Nøi kjartansson	AÍH
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Kvartmíla - OF</u>	Ingólfur Arnarsson	KK
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Kvartmíla - SS</u>	Bjarki Hlynsson	KK
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Kvartmíla - TS</u>	Hilmar Jacobsen	KK
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Sandspyrna – Jeppar</u>	Grétar Már Óskarsson	TKS
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Sandspyrna – Sérsmíðuð ökutæki</u>	Gauti Möller	BA
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Kappakstur - Formula 1000</u>	Jóhann Egilsson	KK
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Tímaat - Hot Wheels</u>	Gunnlaugur Jónasson	KK
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Torfæra – Sérútbúnir</u>	Skúli Kristjánsson	AÍN H
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Torfæra – Götubílar</u>	Steingrímur Bjarnason	TKS
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Götuspyrna 8cyl</u>	Kristján Skjöldal	BA
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Götuspyrna 8 cyl standard</u>	Ómar M.H Zarioh	BA
Íslandsmeistari AKÍS 2021	<u>Götuspyrna 1/8 míla HS flokkur</u>	Sævar Páll Stefánsson	BA

5. Keppnisdagatal 2022

Dags	Grein	Mót	Skýring	Félag	Staður
12.12.2021	Hermikappakstur	Íslandsmót	Nurburging	KK	Reykjavík
19.12.2021	Hermikappakstur	Íslandsmót	Laguna Seca	KK	Reykjavík
02.01.2022	Hermikappakstur	Íslandsmót	Monza	KK	Reykjavík
16.01.2022	Hermikappakstur	Íslandsmót	Red Bull Ring	KK	Reykjavík
30.01.2022	Hermikappakstur	Íslandsmót	Zolder	KK	Reykjavík
13.02.2022	Hermikappakstur	Íslandsmót	Hungaroring	KK	Reykjavík
27.02.2022	Hermikappakstur	Íslandsmót	Hockenheim	KK	Reykjavík
13.03.2022	Hermikappakstur	Íslandsmót	Interlagos	KK	Reykjavík
27.03.2022	Hermikappakstur	Íslandsmót	SPA	KK	Reykjavík
30.04.2022	Spyrna		Brautardagur	KK	Hafnarfjörður
07.05.2022	Torfæra	Íslandsmót		AÍNH	Hella
08.05.2022	Torfæra	Íslandsmót		AÍNH	Hella
14.05.2022	Sandspyrna	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
15.05.2022	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
21.05.2022	Spyrna		Brautardagur	KK	Hafnarfjörður
22.05.2022	Torfæra	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
28.05.2022	Spyrna	Íslandsmót		BA	Akureyri
28.05.2022	Drift	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
29.05.2022	Gokart	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
04.06.2022	Spyrna	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
04.06.2022	Torfæra	Íslandsmót		Start	Egilsstaðir
05.06.2022	Torfæra	Íslandsmót		Start	Egilsstaðir
10.06.2022	Rally	Íslandsmót		AÍFS	Suðurnes
11.06.2022	Rally	Íslandsmót		AÍFS	Suðurnes
11.06.2022	Kappakstur	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
12.06.2022	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
16.06.2022	Drift		Sýning	BA	Akureyri
17.06.2022	Sandspyrna	Íslandsmót	Bíladagar	BA	Akureyri
17.06.2022	Bílasýning		Bíladagar	BA	Akureyri
18.06.2022	Burnout		Bíladagar	BA	Akureyri
18.06.2022	Götuspyrna	Íslandsmót		BA	Akureyri
25.06.2022	Rally	Íslandsmót		BÍKR	
25.06.2022	Spyrna		Brautardagur	KK	Hafnarfjörður

02.07.2022	Spyrna	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
09.07.2022	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
16.07.2022	Spyrna	Íslandsmót		BA	Akureyri
16.07.2022	Kappakstur	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
22.07.2022	Rally	Íslandsmót		BS	Sauðárkrókur
23.07.2022	Rally	Íslandsmót		BS	Sauðárkrókur
23.07.2022	Spyrna		Brautardagur	KK	Hafnarfjörður
30.07.2022	Traktorstorfæra	Bikarmót		AÍN	Flúðir
30.07.2022	Torfæra	Íslandsmót		BA	Akureyri
31.07.2022	Torfæra	Íslandsmót		BA	Akureyri
05.08.2022	Hill Rally	Bikarmót		KK	Suðurland
06.08.2022	Hill Rally	Bikarmót		KK	Suðurland
07.08.2022	Hill Rally	Bikarmót		KK	Suðurland
06.08.2022	Rallycross	Íslandsmót		BA	Hafnarfjörður
06.08.2022	Spyrna	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
13.08.2022	Gokart	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
13.08.2022	Spyrna	Bikarmót		BA	Akureyri
13.08.2022	Drift	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
18.08.2022	Rally	Íslandsmót	Rallý Reykjavík (vægi 1,5)	BÍKR	
19.08.2022	Rally	Íslandsmót	Rallý Reykjavík (vægi 1,5)	BÍKR	
20.08.2022	Rally	Íslandsmót	Rallý Reykjavík (vægi 1,5)	BÍKR	
20.08.2022	Spyrna		Brautardagur	KK	Hafnarfjörður
27.08.2022	Spyrna	Bikarmót	Minningarmót	BA	Akureyri
27.08.2022	Drift	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
28.08.2022	Kappakstur	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
03.09.2022	Sandspyrna	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
03.09.2022	Rallycross	Bikarmót	Rednek	AÍH	Hafnarfjörður
04.09.2022	Rallycross	Bikarmót	Rednek	AÍH	Hafnarfjörður
10.09.2022	Sandspyrna	Íslandsmót		BA	Akureyri
10.09.2022	Kappakstur	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
24.09.2022	Rally	Íslandsmót		AÍFS	Suðurnes

6. Umræður um afreksstefnu AKÍS

Helga Katrín Stefánsdóttir formaður fór í gegnum þau verkefni sem tengjast afreksstefnunni. Tuttugu og einn keppandi tók þátt í alls fjórum landsliðsverkefnum á árinu. Stærsta verkefnið var EDMC sem var Evrópumót í hermikappakstri þar sem 18 keppendur voru skráðir til leiks.

ÍSí fór af stað með afreksbúðir fyrir 15 - 18 ára unglinga. Stjórn AKÍS bauð öllum unglingum sem tóku þátt í sumar að fara í þessar afreksbúðir. Nokkrir þáðu boðið og eru að stunda þessar afreksbúðir af fullu kappi.

Næsta ár eru þrjú landsliðsverkefni sem AKÍS hyggst hvetja til þátttöku í. Reykjavík Internatiol Games (RIG), FIA NEZ í Torfæru og Motorsport Games hjá FIA í lok október. Stefnan er að hafa keppendur í öllum þessum mótum.

Þegar var farið yfir Afreksstefnuna þá er margt í henni sem þarf að uppfæra og laga. Formaður lagði til að Afreksstefnan væri endurskoðuð og lögð fram endurbætt útgáfa á næsta ársþingi. Fundurinn samþykkti þessa fyrirætlun.

7. Reglugerðir um keppnishald og keppnisráð

Baldvin Hansson fór yfir þær vangaveltur sem stjórn vildi vísa til formannafundar. Umræður fóru fram og stjórn tekur sjónarmið fundarmanna til umræðu á stjórnarfundi.

8. Samskiptafulltrúi íþróttá- og æskulýðsstarfs

Helga Katrín Stefánsdóttir kynnti fyrir fundarmönnum samskiptaráðgjafa og hvernig vinnuferlið er hjá honum. Helga hvatti fundarmenn til að kynna sér þessi mál og vera upplýst um hvaða ferli fer í gang ef eða þegar málum er vísað til félagana varðandi ofbeldi og kynferðismál.

9. Starfsmannamál

Baldvin Hansson fór yfir stöðuna í starfamannamálum. Eins og staðan er í dag þá er enginn framkvæmdarstjóri starfandi. Formaður er staðgengill framkvæmdarstjóra fram að næsta ársþingi. Lagt er til að starfshlutfall framkvæmdastjóra verði aukið úr 30% yfir í fullt starf. Fundurinn vísar því til sjónar að leggja fram tillögur á næsta ársþingi hvernig skal farið með starf framkvæmdarstjóra.

10. Önnur mál

Helga tilkynnti á fundinum að stjórn AKÍS hefði sent til FIA tilnefningar til sjálfboðaliða verðlauna FIA sem eru veitt ár hvert á alþjóðlegum sjálfboðaliðadegi FIA. Í ár ákvað FIA að veita Lindu Dögg Jóhannsdóttur viðurkenninguna **FIA BEST TRACK/ROAD MARSHAL OF THE YEAR**.

Spurning kom fram um hvort AKÍS ætli að skipa formenn dómnefnda 2022 með sama hætti og gert var 2021. Gerðar voru athugasemdir við að hægt hefði gengið í sumum greinum að fá skipaða formenn á liðnu keppnistímabili. Stjórn er meðvituð um að erfilega gekk að manna sumar stöður og það er nú þegar byrjað að vinna að því að þetta ferli allt gangi rétt og vel fyrir sig 2022.

Formannafundi slitið um kl. 14:30

Viðauki A: Mæting

Helga Katrín Stefánsdóttir	AKÍS		
Baldvin Hansson	AKÍS	KK	
Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir	AKÍS	Start	Keppnisráð Torfæra
Halldór V Hauksson	AKÍS	Keppnisráð	Spyrna
Fylkir Jónsson	AKÍS		
Hanna Rún Ragnarsdóttir	AKÍS		
Aðalsteinn Símonarson	AKÍS	Keppnisráð Rally	Öryggisráð
Gunnar Bjarnason		Keppnisráð Rallycross	
Kári Rafn Þorbergsson		Hekla	
Sigfús Þór Sigurðsson		TKS	
Ingólfur Arnarsson		KK	
Hrefna Björnsdóttir		BA	
Linda Dögg Jóhannsdóttir		AÍH	
Kolbrún Vignisdóttir		BÍKR	